

um endurskoðun á sjómannalögum, nr. 67 frá 31. des. 1963.

Flm.: Sverrir Júlíusson, Jón Árnason, Birgir Finnsson, Matthías Bjarnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nú þegar 5 manna nefnd til þess að endurskoða gildandi sjómannalög, að því er varðar réttindi og skyldur sjómanna og eigenda fiskiskipa.

Nefndin skal kanna, hvort eigi sé hagkvæmara, að sett verði ný lög eða lagaákvæði, er sérstaklega gildi um réttindi og skyldur sjómanna og eigenda fiskiskipa.

Skal nefndin skipuð skv. tilnefningu eftirtalinna samtaka: Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Sjómannasamband Íslands og sjómannafélög innan A. S. Í. tilnefni sameiginlega tvo menn, Félag ísl. botnvörpuskipaeigenda og Landssamband ísl. útvegsmanna tilnefni einn mann hvor aðili. Ríkisstjórnin skipi fimmta manninn án tilnefningar og sé hann formaður nefndarinnar.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

#### Greinargerð.

Lagaákvæði um réttarstöðu sjómanna voru upphaflega í siglingalögum frá 1914. Með þeirri lagasetningu var siglingalöggjöf landsins samræmd þágildandi löggjöf Norðurlandþjóðanna um sama efni. Á árinu 1939 voru ákvæði siglingalaganna frá 1914 um réttarstöðu sjómanna sett í sérstök sjómannalög, nr. 14 frá 1930. Með þessum breytingum var fylgt fordæmi Norðurlandþjóðanna. Þá voru höfð til hliðsjónar gildandi sjómannalög á Norðurlöndum, er breyting var gerð á hinum íslensku sjómannalögum hinn 8. apríl 1963. Sjómannalög þau á Norðurlöndum, sem stuðzt var við árið 1963, voru dönsk og sænsk lög frá 1952 og norsk frá 1953.

Sjómannalögin hér hafa gilt jafnt um samskipti sjómanna og eigenda flutninga- og fiskiskipa. Hins vegar er mikill munur á þessum tveimur atvinnugreinum, þ. e. rekstri flutningaskipa og rekstri fiskiskipa, að öllu leyti og vart hægt að búast við því, að heppilegt sé, að sömu lög eða lagaákvæði gildi um þessar atvinnugreinar.

Í þessu sambandi vilja flutningsmenn taka sérstaklega fram, að skyldur eigenda fiskiskipa í veikinda- og slysatilfellum sjómanna skv. gildandi sjómannalögum eru á þann veg, að þau geta stofnað afkomu fiskiskipaeigenda í mikla hættu, þegar um er að ræða greiðslu á aflahlut í veikindatilfellum. Má fullyrða, að ákvæði þessi eigi sér ekki hliðstæðu í samskiptum atvinnurekenda og atvinnuseljenda, eigi hvað sízt þegar tillit er tekið til hinnar miklu áhættu, sem ávallt er samfara útgerð fiskiskipa. Einnig má geta þess, að ákvæði sjómannalaganna varðandi uppsagnarfresti gilda jafnt um yfirmenn á 20—30 rúmlesta fiskiskipum og á stærstu farþega- og flutningaskipum Íslendinga.

Við setningu norsku sjómannalaganna 1953 kom í ljós, að ýmis vandkvæði voru á, að lögin giltu jafnt fyrir sjómenn á fiski- og flutningaskipum. Voru því gerðar ýmsar undantekningar í þessu sambandi, m. a. varðandi ákvæði eins og greint er frá hér á undan.

Eftir gildistöku íslensku sjómannalaganna, sem sett voru 1963, hefur komið í ljós, að ýmis vandkvæði hafa orðið á við beitingu þeirra í samskiptum sjómanna og eigenda fiskiskipa. Eigi verður séð, að undantekningarákvæði hinna norsku laga hafi verið tekin upp við endurskoðunina 1963. En við þá endurskoðun var stuðzt við sjómannalög hinna Norðurlandþjóðanna frá 1952 og 1953, eins og fyrr segir. Síðan hafa verið gerðar ýmsar breytingar á lögum hinna Norðurlandþjóðanna, og teljum við, að rannsaka eigi ýtarlega núgildandi löggjöf á Norðurlöndum um þetta efni og hafa hana til hliðsjónar við endurskoðun þá, sem lagt er til, að hér verði framkvæmd, en jafnframt taka til athugunar sérstöðu útgerðar fiskiskipa hér á landi.

Að lokum skal þess getið, að nú mun standa yfir endurskoðun hinna norsku sjómannalaga, og er talið, að sett verði sérstök lög um samskipti sjómanna og eigenda fiskiskipa.

Leggjum við eindregið til, að endurskoðun þessari verði hraðað sem mest, svo að hægt verði að leggja hinar væntanlegu breytingar fyrir næsta reglulegt Alþingi.